# Starfsáætlun Skýjaborgar 2024-2025

Júní 2024

Eyrún Jóna Reynisdóttir

# Efnisyfirlit


**1. INNGANGUR ..... 3**

**2. SKÓLINN ..... 3**

2.1 FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI ..... 3
2.2 SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFJÖLDA ..... 4
2.3 BARNAHÓPURINN ..... 4

**3. STARFSFÓLK ..... 4**

**4. SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2024-2025 ..... 5**

4.1 LEYFISDAGAR ..... 6
4.2 SKIPULAGSDAGAR ..... 6

**5. ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU ..... 6**

**6. DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2024-2025 ..... 7**

**7. MAT Á SKÓLASTARFI 2023-2024 ..... 9**

7.1 BARNIÐ Í BRENNIDEPLI ..... 9
*7.1.1 Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat ..... 10*
*7.1.2 Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun ..... 10*
*7.1.3 Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukin árangurs ..... 10*
*7.1.4 Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn ..... 11*
*7.1.5 Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks ..... 11*
*7.1.6 Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár ..... 11*
*7.1.7 Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana ..... 11*
*7.1.8 Árangursvísir 1.3 Gæði dagskipulags ..... 12*
*7.1.9 Árangursvísir 2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi ..... 12*
7.2 STARFSMANNASAMTÖL ..... 12
*7.2.1 Fyrsta samtal – Styrkleikar og hæfileikar ..... 12*
*7.2.2 Annað samtal – Starfsandi, liðsheild og stjórnun ..... 13*
*7.2.3 Þriðja samtal – Starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun ..... 14*
7.3 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA ..... 15
*7.3.1 Nám og þroski barna metin ..... 15*
*7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra ..... 18*
*7.3.3 Matslisti á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna ..... 19*
7.4 GRÆNFÁNAVERKEFNI ..... 19
7.5 MAT Á SKÓLAÁRINU 2023-2024 ..... 20
7.6 AÐRIR MATSÞÆTTIR ..... 20
*7.6.1 Foreldrakönnun Skólapúlsins ..... 20*
*7.6.2 Starfsmannakönnun Skólapúlsins ..... 23*
7.7 SAMANTEKT ..... 28
*7.7.1 Styrkleikar ..... 28*
*7.7.2 Tækifæri til umbóta ..... 30*

**8. UMBÓTAÁÆTLUN SÍÐASTA SKÓLAÁRS ..... 31**

**9. UMBÓTAÁÆTLUN 2024-2025 ..... 36**

**10. SJÁLFSMATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2024-2025 ..... 42**

11. SÍMENNTUNARÁÆTLUN 2024-2025 .......... 45

# 1. Inngangur

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út starfsáætlun árlega sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár. Starfsáætlun skal staðfest af nefnd sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal hún kynnt foreldrum. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla í Hvalfjarðarsveit er sameinað í eitt ráð sem heitir skólaráð.

Samkvæmt aðalnámskrá gera leikskólar starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnarmála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánu samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta.

Tilgangur með starfsáætlun er að gera skólaþróun leikskólans markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta ári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

# 2. Skólinn

Skýjaborg er leikskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Heimilisfang: Innrimelur 1, 301 Akranes

Símanúmer leikskólans: 433 8530

Leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

Netfang: (eyrun@hvalfjardarsveit.is) / skyjaborg@hvalfjardarsveit.is.

Heimasíða skólans: http://skoli.hvalfjardarsveit.is

## 2.1 Forföll og opnunartími

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins, t.d. veikindi eða frí.

Óskað er eftir að foreldrar hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins til starfsfólk deilda eða skrái fjarveru / sendi skilaboð í gegnum Karellen kerfið.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-16:30. Foreldrar eru beðnir um að virða þann dvalartíma sem samið er um á hverjum tíma, einnig eru þeir beðnir um að virða lokunartíma leikskólans og eiga allir að vera komnir út úr húsinu kl. 16:30

## 2.2 Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps skv. 12. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.
Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 40 börn skv. verklagsreglum fyrir leikskóla Hvalfjarðarsveitar.

## 2.3 Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi frá ágúst 2024:

| Árgangur | Fjöldi | Barngildi | Barngildi alls |
|---|---|---|---|
| **2019** | 6 | 1 | 6 |
| **2020** | 9 | 1,1 | 9,9 |
| **2021** | 3 | 1,3 | 3,9 |
| **2022** | 14 | 1,6 | 22,4 |
| **2023** | 2 | 2 | 4 |
| | **34** | | **46,2** |

Gert er ráð fyrir 1,75 stöðugildi vegna tvítyngdra barna og barna með sérþarfir, mat skólastjóra og sálfræðings. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

Fleiri umsóknir um leikskóladvöl síðar í vetur liggja fyrir og má því gera ráð fyrir fjölgun barna og aukinni stöðugildaþörf þegar líður á veturinn.

# 3. Starfsfólk

Starfsmenn skólaárið 2024-2025 eru:

| Starfsmenn: | Starfsheiti: | Starfshlutfall: |
|---|---|---|
| **Agnieszka Aurelia Korpak** | Leikskólakennari | 100% |
| **Aldís Ósk Sævarsdóttir** | Leiðbeinandi KÍ | 100% / leyfi |
| **Árdís Hauksdóttir** | Leiðbeinandi | 85% |
| **Ásdís Björg Björgvinsdóttir** | Deildarstjóri | 100% |
| **Bára Tómasdóttir** | Deildarstjóri | 100% |
| **Diljá Marín Jónsdóttir** | Leikskólaliði | 100% |
| **Eyrún Jóna Reynisdóttir** | Leikskólastjóri | 100% |
| **Guðbjörg Benjamínsdóttir** | Matráður | 100% |
| **Helga María Guðmundsdóttir** | Leiðbeinandi | 46% |

| | | |
|---|---|---|
| **Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir** | Leiðbeinandi | 100% |
| **Karina Alexsandra Podlewska** | Leikskólakennari | 100% |
| **Pála Svanhildur Geirsdóttir** | Leiðbeinandi | 80% |
| **Sigurbjörg Friðriksdóttir** | Leikskólasérkennari | 100% |
| **Sonja Rut Jóhannsdótitr** | Leiðbeinandi | 100% |
| **Védís Fríða Kristjánsdóttir** | Leiðbeinandi | 100% |
| **Þórdís Þórisdóttir** | Leikskólakennari | 13,75% |
| | Stöðugildi samtals | 12,79 |

Stöðugildaþörf í Skýjaborg reiknast eftirfarandi haustið 2024-2025.

| | |
|---|---:|
| **Stjórnun** | 1 |
| **Eldhús** | 1 |
| **Grunnstöðugildi** | 5,775 |
| **Sérkennsla** | 1,75 |
| **Afleysing v. undirbúnings kennara** | 1,15 |
| **Afleysing v. undirbúnings leiðbeinenda** | 0,15 |
| **Afleysing 8,33%** | 0,7414 |
| **Tengiliður** | 0,1 |
| **Samtals** | 11,67 |
| **ALLS v. styttingu vinnuvikunnar** | 13,17 |

# 4. Skóladagatal Skýjaborgar 2024-2025

Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð og fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Hvalfjarðarsveitar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er aðfangadag og gamlársdag. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl leik- og grunnskóla hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum. Skóladagatalið má finna á heimasíðu skólans: https://skoli.hvalfjardarsveit.is/static/files/leikskoladagatal-2024-2025-samthykkt.pdf og á mynd hér fyrir neðan.



Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: Skýjaborg

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | 1 S | 1 Þ | 1 F | 1 S Fullveldisdagurinn | 1 M Nýársdagur | 1 L | 1 L | 1 Þ | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 S |
| 2 F | 2 M | 2 M | 2 L | 2 M | 2 F Skipulagsdagur | 2 S | 2 S | 2 M Dan | 2 F | 2 M Sjómannadagurinn |
| 3 L | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 Þ | 3 F | 3 M | 3 M Bolludagur | 3 F | 3 L | 3 Þ |
| 4 S | 4 M | 4 F | 4 M For.viðtöl Dropa þessa viku | 4 M | 4 L | 4 Þ | 4 Þ Sprengidagur | 4 F | 4 S | 4 M |
| 5 M Frídagur verslunarmanna | 5 F | 5 L | 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 M Öskudagur Dans | 5 L | 5 M | 5 F |
| 6 Þ Starfsfólk mætir til starfa | 6 F | 6 S | 6 M | 6 F Aðventukaffi | 6 M Þrettándinn | 6 F Dagur leikskólans | 6 F | 6 S | 6 Þ Vorskóli | 6 F |
| 7 M Leikskólinn opnar | 7 L | 7 M | 7 F | 7 L | 7 Þ | 7 F Dagur tónlistarskólans | 7 F | 7 M | 7 M Vorskóli | 7 L |
| 8 F | 8 S Dagur læsis | 8 Þ | 8 F Baráttudagur gegn einelti | 8 S | 8 M | 8 L | 8 L | 8 Þ | 8 F Vorskóli | 8 S Hvítasunnudagur |
| 9 F | 9 M | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F | 9 S | 9 S | 9 M | 9 F | 9 M Annar í hvítasunnu |
| 10 L | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 M | 10 M For.viðtöl Regnb. þessa viku | 10 F | 10 L | 10 Þ |
| 11 S | 11 M | 11 F | 11 M | 11 M | 11 L | 11 Þ Dagur íslenska táknmálsins | 11 Þ Dans | 11 F | 11 S | 11 M |
| 12 M | 12 F | 12 L | 12 Þ | 12 F Litlu jólin | 12 S | 12 M | 12 M | 12 L | 12 M Umferðarvika að vori | 12 F |
| 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M | 13 F | 13 M | 13 F | 13 F | 13 S Pálmasunnudagur | 13 Þ Sveitaferð áætluð | 13 F |
| 14 M Skipulagsdagur | 14 L | 14 M Umferðarvika að hausti | 14 F | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 F Dagur stærðfræðinnar | 14 M | 14 M | 14 L |
| 15 F | 15 S | 15 Þ | 15 F | 15 S | 15 M | 15 L | 15 L | 15 Þ | 15 F Hjóladagur | 15 S |
| 16 F | 16 M Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | 16 L Dagur íslenskrar tungu | 16 M | 16 F | 16 S | 16 S | 16 M | 16 F | 16 M |
| 17 L | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 Þ | 17 F | 17 M | 17 M Tannverndarvika | 17 F Skírdagur | 17 L | 17 Þ Lýðveldisdagurinn |
| 18 S | 18 M Skipulagsdagur | 18 F | 18 M | 18 M | 18 L | 18 Þ | 18 Þ For.viðtöl Dropa þessa viku | 18 F Föstudagurinn langi | 18 S | 18 M |
| 19 M | 19 F Kynningarfundur Dropa | 19 L | 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M | 19 M Dans | 19 L | 19 M | 19 F |
| 20 Þ | 20 F Kynningarfundur Regnboga | 20 S | 20 M Dagur mannréttinda barna | 20 F | 20 M | 20 F | 20 F | 20 S Páskadagur | 20 Þ | 20 F |
| 21 M | 21 L | 21 M | 21 F | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 F | 21 M Annar í Páskum | 21 M | 21 L |
| 22 F | 22 S | 22 Þ Skipulagsdagur | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 L | 22 Þ | 22 F Útskrift og vorhátíð | 22 S |
| 23 F | 23 M | 23 M | 23 L | 23 M Þorláksmessa | 23 F | 23 S Konudagur - upphaf Góu | 23 S | 23 M | 23 F | 23 M |
| 24 L | 24 Þ | 24 F | 24 S | 24 Þ Aðfangadagur jóla | 24 F Bóndadagur - kallakaffi - fyrsti dagur þorra | 24 M | 24 M Dans | 24 F Sumardagurinn fyrsti | 24 L | 24 Þ |
| 25 S | 25 M | 25 F | 25 M | 25 M Jóladagur | 25 L | 25 Þ Skipulagsdagur | 25 Þ | 25 F Skipulagsdagur - Dagur umhverfisins | 25 S | 25 M |
| 26 M | 26 F Evrópski tungumáladagurinn | 26 L Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | 26 F Annar í jólum | 26 S | 26 M | 26 M | 26 L | 26 M | 26 F Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ) |
| 27 Þ | 27 F | 27 S Alþjóðlegi bangsadagurinn | 27 M | 27 F | 27 M | 27 F | 27 F Fagfundur 16:30-18:30 | 27 S | 27 Þ | 27 F |
| 28 M | 28 L | 28 M For.viðtöl Regnb. þessa viku | 28 F | 28 L | 28 Þ | 28 F Konukaffi | 28 F | 28 M | 28 M | 28 L |
| 29 F | 29 S | 29 Þ | 29 F | 29 S | 29 M | | 29 L | 29 Þ | 29 F Uppstigningardagur | 29 S |
| 30 F | 30 M | 30 M | 30 L | 30 M | 30 F | | 30 S | 30 M | 30 F | 30 M |
| 31 L | | 31 F | | 31 Þ Gamlársdagur | 31 F | | 31 M | | 31 L | |

## 4.1 Leyfisdagar

Sumarfrí 20 virkir dagar frá 7. júlí til og með 1. ágúst 2025.

## 4.2 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar skólaársins 2024-2025 verða 6 talsins, allir heilir:

Sameiginlegur skipulagsdagur **14. ágúst** (miðvikudagur): Skyndihjálp + önnur fræðsla.

Skipulagsdagur **18. september** (miðvikudagur): Undirbúningur vetrarstarfs.

Skipulagsdagur **22. október** (þriðjudagur): námskeið, starfsmannafundur, deildarvinna.

Skipulagsdagur **2. janúar** (fimmtudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **25. febrúar** (þriðjudagur): Starfsmannafundir, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **25. apríl** (föstudagur): Innra mat, starfsmannafundir, deildarvinna o.fl.

# 5. Áherslur í leikskólastarfinu

Í skólanámskrá má finna þær áherslur sem skólinn setur sér, markmið og þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans: https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra. Deildarnámskrár Regnbogans og Dropans eru svo ítarlegri og sína þau markmið og leiðir sem farnar eru á hvorri deild fyrir sig. Þær eru yfirfarnar á hverju vori og uppfærðar ef þörf er á. Finna má deildarnámskrár á heimasíðu skólans: https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/deildir-leikskolans.

Leikskólinn hóf í desember 2022 þátttöku í sprotaverkefninu Teymisvinna í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Það verkefni heldur áfram þetta skólaár og er áætlað til þriggja ára. Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í skólasamfélagið. Það er gert

m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teymum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Aðrar áherslur koma fram í umbótaáætlun hér fyrir neðan.

# 6. Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2024-2025

**Foreldraviðtöl:** Boðið er upp á tvö foreldraviðtöl yfir veturinn, í október og mars. Vikurnar má finna á skóladagatali. Foreldrar geta ávallt óskað eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra.

**Dagur læsis 8. september** (ath. sunnudagur – höldum mánudag 9. sept)**:** Bækur sérstaklega velkomnar, þær skoðaðar og sumar lesnar. Rifjum upp að bækur eru ávallt velkomnar.

**Dagur íslenskrar náttúru 16. september:** Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki að fara í vettvangsferð með nesti.

**Kynningarfundur Dropa 19. september:** Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

**Kynningarfundur Regnboga 20. september:** Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

**FAST hetjur: Lærðu hvernig þú getur barist gegn slagi:** 5 vikna námsefni fyrir elsta árganginn. Hefst 23. september.

**Umferðarvika 14.-18. október:** Umferðarvika að hausti.

**Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. Október** (ath. sunnudagur – höldum föstudag 25.okt)**:** Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

**Bleikur dagur í október:** Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

**Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember** (ath. laugardagur – höldum föstudag 15. Nóv)**:** Afmælisdagur Lubba. Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. Þriðji bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin. Rithöfundur fengin í heimsókn til að lesa úr verkum sínum einhvern tímann í kringum þennan dag.

**Fullveldisdagurinn 1. desember:** Þá eru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

**Aðventa:** Smákökubakstur í lok nóv/byrjun des. Þann 6. desember er áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 12. desember eru áætluð litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman, syngjum jólalög og dönsum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs. Einn dag á aðventunni höldum við jólafatadag þar sem allir eru hvattir til að mæta með jólahúfur, í jólapeysum, buxum eða sokkum (ath. við erum ekki að tala um spariföt).

**Bóndadagskaffi 24. janúar:** Á bóndadaginn er boðið í bóndadagskaffi.

**Þorrinn:** Þorrablót haldið einn dag á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk. Á þorranum ætlum við að hafa einn rafmagnslausan dag.

**Dagur leikskólans 6. febrúar:** Í tilefni hans förum við saman í skrúðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

**Konudagskaffi 28. febrúar:** Í tilefni konudags 23. febrúar er boðið í konudagskaffi föstudaginn 28. febrúar.

**Bolludagur 3. mars:** Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómabollur í kaffitíma.

**Sprengidagur 4. mars:** Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

**Öskudagur 5. mars:** Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni og haldið er ball.

**Dagur stærðfræðinnar 14. mars:** í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði þrautir fyrir alla aldurshópa.

**Tannverndarvika 17.-21. mars:** Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

**Dans:** Í mars og apríl kemur danskennari einu sinni í viku í fimm vikur með danskennslu.

**Dagur umhverfisins, 25. apríl** (ath. skipulagsdagur – haldinn miðvikudag 23. apríl)**:** Þá er farið út að tína rusl í nágrenni skólans. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímsli.

**Vorskóli elstu barna:** 6., 7. og 8. maí verður útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarútunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

**Sveitaferð:** 13. maí er áætluð sveitarferð.

**Umferðarvika 12.-16. maí og hjóladagur 15. maí:** Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

**Útskrift:** 22. maí kl. 14:00, verður útskrift elstu barna. Börnin æfa atriði og sýna, síðustu ár hafa börnin farið með þulu og sungið lag. Börnin fá afhent skírteini og gjöf. Hóp- og einstaklingsmyndir teknar. Eftir útskrift, kl. 14:30, er áætluð vorhátíð foreldrafélagsins.

**Útskriftarferð:** Einn veðurblíðan dag í lok maí eða í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

**Sumardagskrá:** Síðustu árin hefur sumardagskrá verið sett á laggirnar með uppbrotsdögum í júní, s.s. útidótadagur, búningadagur, bangsa- og náttfatadagur.

# 7. Mat á skólastarfi 2023-2024

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólastarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarf ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólastarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins í Barni í brennidepli 2023-2024 voru að meta:

- Lykilþáttur 7: Stjórnun
    - Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat
    - Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun
    - Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs
    - Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn
    - Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks
- Lykilþáttur 1: Námskrá
    - Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár
    - Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana
    - Árangursvísir 1.3 Gæði skipulags
- Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barnanna
    - Árangursvísir 2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi

Aðrar áherslur skólaársins voru að meta:

- Matslisti á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna.
- Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti og markmið Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.
- Starfsmannakönnun Skólapúlsins – Fræðslunefnd.
- Foreldrakönnun skólapúlsins – Fræðslunefnd.

## 7.1 Barnið í brennidepli

Leikskólinn byrjaði að nota matstækið Barnið í brennidepli skólaárið 2010-2011. Teknir eru nokkrir árangursvísar á ári og er farið á 3-5 árum yfir alla lykilþættina og árangursvísana. Þetta skólaár var farið yfir lykilþátt 7: Stjórnun, lykilþátt 1: Námskrá og lykilþátt 2: Þroski og framfarir barnanna.

Starfsfólk mat lykilþættina með því að lesa 4. stigs viðmið fyrir hvern árangursvísi og meta hvort hann ætti við alltaf, oft, sjaldan eða aldrei. Þá gat starfsfólk skrifað við þörf fyrir breytingar.

### 7.1.1 Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat

- Þátttaka starfsfólks í sjálfsmati leikskólans: Starfsfólk metur að það taki alltaf / oft þátt í reglubundnu sjálfsmati / innra mati, almennum umræðum um vinnuna og starfsemi leikskólans. Starfsfólk metur að alltaf / oft séu notuð matsgögn til að meta allt leikskólastarfið og gagnkvæm tengsl milli starfsfólks og barnanna. Hluti nefndi að það mætti vera minna mat og meiri tími í undirbúning. Starfsfólk metur að alltaf / oft sé tekið tillit til sjónarmiða barna í innra mati. Starfsfólk metur að alltaf / oft sé tekið tillit til sjónarmiða foreldra í innra mati. Starfsfólk metur að alltaf ábyrgist stjórnendur að metnir séu allir lykilþættir, s.s. námskrár, þroski og framför barnanna og námsumhverfi.
- Eftirlit og mat stjórnenda: Starfsfólk metur að alltaf / oft hafi stjórnendur eftirlit með gæðum vinnu hvers starfsmanns, t.d. með því að ræða þróunaráætlanir, vinna með starfsfólki og fylgjast með samskiptum starfsfólks og barna.
- Eftirlit og mat á stjórnunarháttum: Starfsfólk metur að alltaf / oft sé framkvæmd regluleg endurskoðun verkaskiptinga og stjórnunaraðferða til að tyggja eðlilega þróun í almennu starfi leikskólans.

**Til umbóta:** í lagi.

### 7.1.2 Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun

- Markmið leikskólans: Starfsfólk metur að alltaf eigi leikskólinn sér markmið og stefnu sem endurspeglar lög og reglugerð um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla. Starfsfólk metur að alltaf / oft séu markmið og stefna víðtæk og taki mið af þroska barnanna og öryggi þeirra og velferð. Starfsfólk setur samt spurningarmerki við aðstæður fyrir yngstu börnin. Starfsfólk metur að alltaf / oft séu markmiðin notuð til stuðnings áætlana um umbætur.
- Framsetning markmiða og innihald: Starfsfólk metur að alltaf séu markmið leikskólans leiðbeinandi og stefnumarkandi fyrir starfsfólkið í starfi þess með börnunum. Starfsfólk metur að alltaf sé starfsfólk vel upplýst um uppeldislegar áherslur leikskólans. Starfsfólk metur að alltaf / oft séu foreldrar vel upplýstir um uppeldislegar áherslur leikskólans, en nefnir að mætti kynna betur.
- Þróun stefnumörkunar: Starfsfólk metur að alltaf / oft sé uppeldis- og menntastefnan þróuð með virkri þátttöku allra starfsmanna.

**Til umbóta:** Í lagi. Skoða út frá niðurstöðum foreldrakönnunar hvort foreldrar þurfi að vera betur upplýstir um uppeldislegar áherslur leikskólans og kynna þá betur (foreldrar telja sig vel upplýsta = lokið).

### 7.1.3 Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukin árangurs

- Þróunaráætlun: Hluti starfsfólks metur að oft sé þróunaráætlun fyrir alla umbætur til staðar, að alltaf séu skýr tengsl milli markmiða leikskólans og framkvæmda og að áætlun sé gagnorð, skýrt framsett og auðlæsileg. Hluti starfsfólks metur að það sé ekki með í ferlinu, ekki hlustað á allar ábendingar og það fái enga svörun / engar niðurstöður.
- Virkni þróunaráætlunar: Starfsfólk metur að alltaf / oft sé þróunaráætlun metin reglulega og endurnýjuð eftir þörfum.

**Til umbóta:** Skoða þróunaráætlun fyrir umbætur og virkni hennar þannig að starfsfólk sé vel upplýst um gang mála.

### 7.1.4 Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn

- Fagleg hæfni: Starfsfólk metur að alltaf hafi leikskólastjórinn til að bera faglega hæfni.
- Forystuhæfni: Starfsfólk metur að alltaf / oft hafi leikskólastjórinn þann eiginleika að hafa skapandi og hvetjandi áhrif á aðra og móta jákvætt starfsumhverfi. Starfsfólk metur að alltaf / oft sé leikskólastjórinn vel í stakk búinn til að leggja hlutlægt mat á hæfni starfsfólks og framlag hvers og eins til starfseminnar í leikskólanum.
- Samskiptahæfni: Starfsfólk metur að oft sé leikskólastjórinn í góðum tengslum við börn og foreldra og á auðvelt með samstarf við þá. Starfsfólk Regnboga nefnir að hann mætti koma oftar inn á deild. Starfsfólk metur að alltaf séu samskipti leikskólastjóra við starfsfólk, aðra fagaðila, foreldra og samfélagið mjög góð.
- Samvinna: Starfsfólk metur að oft / sjaldan hafi leikskólinn komið á fót öflugri samvinnu innan leikskólans. Sá hluti starfsfólk sem nefnir sjaldan gefur deildarstjórum kredit fyrir þeirri öflugu samvinnu sem hefur verið komið á fót. Starfsfólk metur að alltaf sé starfsfólk hvatt til að taka fullan þátt í lífi og starfi innan leikskólans.

**Til umbóta:** Leikskólastjóri fari oftar inn á deild.

### 7.1.5 Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks

- Verkaskipting: Starfsfólk metur að alltaf / oft sé verkaskipting vel skilgreind og skiljanleg með hliðsjón af þörfum leikskólans. Starfsfólk metur að alltaf uppfylli starfsfólk vinnuskyldu sína af kostgæfni.
- Vinnulag: Starfsfólk metur að alltaf sé starfsfólkið hvert öðru góð fyrirmynd í öllu starfi leikskólans. Starfsfólk metur að alltaf / oft mæti starfsfólk á réttum tíma til vinnu og fer eftir dagskipulagi.
- Vinnusiðfræði hvers starfsmanns: Starfsfólk metur að alltaf taki starfsólk leiðsögn, sýni frumkvæði og áhuga á börnum. Starfsfólk metur að alltaf / oft taki starfsfólk ábyrgð þegar við á og aflar af sjálfdáðum þekkingar á sviði uppeldis- og menntamála.

**Til umbóta:** Í lagi.

### 7.1.6 Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár

- Skipulag daglegrar athafna: Starfsfólk metur að alltaf / oft bjóði skólanámskráin upp á örvun alhliða þroska í gegnum daglegar venjur leikskólans.
- Framboð leik- og námsefna: Starfsfólk metur að oft veiti leikskólinn hverju barni fjölbreytta reynslu með nægu framboði af leik- og námsefni í samræmi við þarfir þess.
- Samræming skólanámskrárgerðar við aðalnámskrá: Starfsfólk metur að alltaf séu skólanámskráin og starfsáætlanir leikskólans í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.

**Til umbóta:** Í lagi.

### 7.1.7 Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana

- Samhæfing og mikilvægi náms: Starfsfólk metur að alltaf / oft tryggi áætlanir samhæfingu og mikilvægi náms.
- Uppbygging og mat einstaklingsáætlana: Starfsfólk metur að alltaf séu einstaklingsáætlanir vel uppbyggðar, sveigjanlegar og endurspegli þarfir og áhugasvið barnanna. Starfsfólk metur

að alltaf séu áætlanir metnar reglulega með starfsfólki deildarinnar, foreldrum og börnum þar sem það á við.

- Stuðningur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk: Starfsfólk metur að alltaf / oft fái það skýrar leiðbeiningar varðandi áætlanir um uppeldi og nám barnanna og stuðning við gagnasöfnun.

**Til umbóta:** Í lagi.

### *7.1.8 Árangursvísir 1.3 Gæði dagskipulags*

- Vel mótað dagskipulag: Starfsfólk metur að alltaf sé dagskipulag vel mótað og hafi skýra stefnu varðandi hvað ber að gera. Starfsfólk metur að alltaf sé dagskipulag metið reglulega eins og nauðsynlegt þykir, til að mæta þörfum barnanna.
- Virk notkun matsupplýsinga: Starfsfólk metur að alltaf / oft nýtir starfsfólk sér matsupplýsingar reglubundið til að bera kennsl á þarfir barnanna og skipuleggja næstu skref í leikskólastarfinu.
- Samvinna um dagskipulagið: Starfsfólk metur að alltaf / oft séu foreldrar vel upplýstir um námskrá og dagskipulagið og hafi tækifæri til að koma með hugmyndir að breytingum.

**Til umbóta:** Í lagi.

### *7.1.9 Árangursvísir 2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi*

- Framfarir barnanna í alhliða þroska og námi: Starfsfólk metur að alltaf taki flest börn miklum framförum í þroska og námi. Starfsfólk metur að alltaf sé gert reglubundið þroskamat og/eða uppeldisleg skráning frá upphafi leikskólagöngu hvers barns. Starfsfólk metur að alltaf hafi foreldrar gefið leyfi til að þetta mat fari fram og að upplýsingar verði veittar ef þörf krefur, s.s. til grunnskóla og leikskóla ef um flutning yrði að ræða.

**Til umbóta:** Í lagi.

## 7.2 Starfsmannasamtöl

Starfsfólki er boðið upp á þrjú starfsmannasamtöl yfir skólaárið. Hvert samtal hefur ákveðin markmið og lykilspurningar sem stjórnandi og starfsmaður fara yfir og finna leiðir til úrbóta sé þess þörf. Samtalsramma má sjá í viðauka í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2023-2024.

### *7.2.1 Fyrsta samtal – Styrkleikar og hæfileikar*

Fór fram á tímabilinu 11. – 28. september 2023.

**Niðurstöður:** Alls tóku 12 starfsmenn fyrsta samtal skólaársins sem snéri að styrkleikum og hæfileikum. Markmið samtalsins var að greina styrkleika/hæfileika starfsmanns og finna leiðir til að nýta þá sem best.

Styrkleikar starfsfólksins eru fjölbreyttir og eru eftirfarandi punktar sem starfsfólk nefndi (ath. ekki í neinni ákveðinni röð, en fyrstu styrkleikarnir voru nefndir oftast): Þolinmóð. Stundvís. Get hoppað í öll verkefni. Næ vel til barnanna. Reynsla. Róleg. Flink að tækla börn í mótþróa. Stend með mér / fylgin mér. Leikur við börnin. Mæti vel. Samviskusöm. Lítið frá v. veikinda. Nýjungagjörn. Geri eins vel og ég get. Hjálpsöm. Umhyggjusöm. Tónlist. Góð að vinna með öllum. Lausnamiðuð. Alltaf glöð. Passa að öllum líði vel. Tékka á fólki. Fókusa á mörg málefni. Ágæt yfirsýn yfir barnahópinn og hvað virkar. Næ

styrkleika fram hjá börnunum. Ber virðingu fyrir börnunum. Jákvæð. Góð starfsánægja. Fagmennska. Skipulögð. Jákvæð. Góður húmor. Þakklæti. Þrautsegja. Sveigjanleg.

Sumt starfsfólk ræddi einnig sína veikleika. Ekki er ástæða til að telja þá upp hér. Sumir settu sér persónuleg markmið í tengslum við að styrkja sig á ákveðnum sviðum.

Skýrt kom fram í svörum hjá öllu starfsfólki að það er helst vinnan með börnunum sem lætur það gleyma stað og stund í vinnunni. Sumir gleyma sér í frjálsa leiknum. Aðrir í spjalli við börnin. Aðrir í einhvers konar vinnu með börnunum, s.s. skipulögðum stundum, samveru eða listsköpun.

Allt starfsfólk er sátt við starfið sitt í dag og telja sig vera að nýta styrkleika sína í vinnunni í dag.

Flest starfsfólk nefndi að það vill fá innihaldsrík hrós sem greinir frá að það sé að gera góða hluti í vinnunni. Þannig finnur starfsfólk fyrir því að aðrir sjá að það sé að gera vel í vinnunni. Tveir starfsmenn greindu frá að gagnlegt sé að fá góð ráð eða handleiðslu frá öðrum eða einnig að fá gagnrýni frá fólki til að sjá aðra hlið eða leiðbeiningar til að gera betur. Einnig nefndu tveir starfsmenn bros frá samstarfsfólki væri gott hrós.

Annað sem kom fram í nokkrum samtölum var hvað það er gott starf í húsinu í dag, sérstaklega á Regnboganum þar sem veturinn byrjar rólega og vel.

**Tækifæri til úrbóta:** Í lagi.

### *7.2.2 Annað samtal – Starfsandi, liðsheild og stjórnun*

Fór fram á tímabilinu 22. janúar – 21. febrúar 2024.

**Niðurstöður:** Alls tóku 11 starfsmenn annað samtal skólaársins sem snéri að starfsanda, liðsheild og stjórnun. Markmið samtalsins var að heyra raddir allra í hvað við getum gert betur í samvinnu og stjórnun.

Starfsmenn voru beðnir að meta starfsánægju sína. Flestir mátu hana góða eða mjög góða. Tveir starfsmenn nefndu að þetta væri búinn að vera krefjandi vetur og mikið álag. Helsta sem starfsfólk nefndi að veiti þeim vellíðan í vinnunni eru börnin og samstarfsfólkið. Stundir með börnunum, fylgjast með þroska þeirra og aðstoða þau inn í lífið. Samstarfsfólkið sýnir meðal annars samkennd, góða samvinnu, góðvild og ekkert baktal í gangi. Það helsta sem starfsfólkið nefndi til að bæta sína vellíðan er til dæmis að næra sjálft sig, halda í jákvæðni og standa saman.

Starfsfólki finnst samskipti og samvinna við foreldra í heild ganga vel og einkennast af heiðarleika, trausti, virðingu, kærleika og jákvæðni. Örfáir eru feimnir að ræða við foreldra, en skora á sig og hafa tekið skrefið að ræða stuttlega og koma skilaboðum áleiðis. Starfsfólki finnst samskipti og samvinna við samstarfsfólk vera góð og einkennast af hjálpsemi, samkennd og hlýju. Við tölum við hvor aðra, starfsfólk fær að nýta sína styrkleika og við höldum utan um hvor aðra. Ein nefndi mikilvægi þess að setja sig í spor annarra og halda í gleði og húmor. Ein nefndi einnig að ef eitthvað liggur á fólki er mikilvægt að ræða það á réttum stöðum og erum við nokkuð góð í því. Ein nefndi að áberandi sé hvað allt er rólegt og yfirvegað, enginn læti og börn í góðum leik. Nokkrir starfsmenn ræddu um samskipti við einstaka starfsmenn sem eru orðin betri og einnig nefndu tveir samskiptaörðugleika sem hafa komið upp í vetur og virðist hafa tekist að vinna úr því. Starfsfólki finnst samskipti og samvinna við börnin góð og einkennast af ánægju, gleði, ást, vináttu, hlýju, kærleik, festu og mörkum.

Starfsfólk var spurt út í leiðir fyrir starfsmenn til að vinna betur saman og nefndi starfsfólk meðal annars að halda áfram að tengja deildarnar saman (vinna sem hefur gengið vel síðustu ár). Muna eftir því að láta matráð vita ef breytingar verða á skipulagi. Margt starfsfólk fann enga þörf til að vinna

betur saman, allt gott og ræddu um mikilvægi þess að halda áfram að tala saman, vera skýrar, eiga hreinskiptin samskipti, vera jákvæðar, sýna stuðning og vinna saman í teymi og halda í heildina sem við erum í dag.

Starfsfólk var spurt út í hvort það væri einhverjir verkferlar eða vinnubrögð sem mætti bæta og nefndi einstaka starfsmaður eftirfarandi: Mörg börn lengi með bleyju í dag, óumhverfisvænt. Vantar skipulagðar stundir á Dropann (komið í ferli). Að starfsfólk minni sig reglulega á hvernig við tölum við börnin á virðingarríkan hátt með aga, t.d. stutt áminning á deildarfundum. Þegar vantar starfsfólk gleymist stundum að upplýsa starfsfólk í lok dags hvernig ákveðið er að klára daginn. Klára samskiptasáttmálann.

Að lokum var starfsfólk spurt út í hvað væri það fyrsta sem það myndi vilja breyta ef það væri yfirmaður: Byggja nýjan leikskóla. Stytta viðverutíma barna (mesta lagi 8 klst. viðvera). Fækka börnum á deildum, sérstaklega yngstu. Skoða verklag í kringum stuðningsþarfir, kortleggja barnahópinn og sækja um stuðningsþörf þegar barnahópurinn er kominn saman á haustin. Fá skilrúm í fataherbergi Dropa. Pressa á að fá nýjan leikskóla. Hærri hurðarhúna. Fá nýjan leikskóla við Heiðarskóla þannig að allt sé á sama stað (leikskóli, grunnskóli, íþróttahús og sundlaug). Taka út rúsínur, döðlur, kanil og tómatsósu (og minnka þannig sykur). Breyta vinnutímanum mínum.

Annað: Við byggingu nýs leikskóla er mikilvægt að passa upp á ýmsa hluti, s.s. gott mötuneytiseldhús, stórbæta geymslupláss, búr, frost og kælir og bæta þvottaaðstöðu sem er engin í dag. Leikskólastjóri góður yfirmaður.

**Tækifæri til úrbóta:** Passa upp á að skipulagðar stundir detti ekki niður á Dropanum (í ferli). Skrifa á samskiptatöfluna hvernig verður í lok dags þegar vantar starfsfólk.

Klára samskiptasáttmálann (í ferli).

### *7.2.3 Þriðja samtal – Starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun*

Fór fram á tímabilinu 7.-15. maí 2024.

**Niðurstöður:** Alls tóku 12 starfsmenn þriðja samtal vetrar sem snéri að starfsumhverfi, umbótum og starfsþróun. Markmið samtals var að heyra raddir allra hvernig við getum náð auknum árangri í starfi sem einstaklingur og vinnustaðurinn í heild.

Starfsfólk var spurt út í þætti í starfinu eða starfsumhverfinu sem hafa annars vegar jákvæð áhrif á það og hins vegar neikvæð áhrif. Jákvætt sem starfsfólk nefndi helst var börnin, samstarfsfólkið og útiveran/náttúran. Einnig nefndi starfsfólk meðal annars vinnutímann, jákvæða þróun í samskiptum á milli starfsmanna, tónlistarkennsluna, aukna þolinmæði og skilning, sjá börnin þroskast og hvað við (starfsfólkið) erum opin fyrir nýjungum og því stöðug þróun á skólastarfinu. Það sem hefur hins vegar neikvæð áhrif er mismunandi, s.s. skipulagsleysi á Dropanum, nýtt starfsfólk sem þarf mikið að segja til, vantar meira fagfólk, viðhald seinlegt, vantar hvíldarrými og hvort við séum að vinna nógu vel eftir því sem við segjumst vera að gera (í handbókinni Snemmtæk íhlutun í mál og læsi).

Starfsfólk var spurt út hvort það njóti sín til fulls í núverandi stöðu. Langflestir svara því játandi.

Starfsfólk var spurt út í hugmyndir til að bæta skólann okkar m.t.t. vinnuaðstöðu, vinnuskipulags og samstarfs. Það kom meðal annars fram að bæta mætti vinnuskipulag á Dropanum, ávallt passa upp á að tala um hlutina strax, halda dýr á leikskólalóð (s.s. hænur og/eða kanínur). Einnig má bæta aðstöðu fyrir bleyjubörn á Regnboganum, langt að fara á Dropann að skipta um kúkableyju, sérstaklega ef vantar starfsfólk. Þá kom fram löngun til að hafa hreyfistundir. Svo kom fram að vöntun væri á hreyfisal, stærra undirbúningsherbergi og nýjum leikskóla.

Starfsfólk var spurt út í hvaða endurbætur/umbætur það myndi setja efst á blað. Skólalóðin var mikið rædd. Leiktæki regnbogamegin eru illa farin en það stendur til að lagfæra þau í sumar. Kastali dropamegin er fyrir 1-3 ára börn, en hann er of hár og hentar illa fyrir þennan aldur. Einn og einn nefndi fleiri rólur (með baki sem yngstu börnin geta sest sjálf í). Nýjan og meðfærilegri vagn til að geta farið í göngutúra með yngstu börnin. Opnun á sandkassanum dropamegin svo börnin geta gengið sjálf inn í hann. Fleiri starfsmannaklósett. Sími þegar allir eru úti, tólið gleymist inni og engin svarar. Fylgjast vel með barnafjölda og fá gáma svo leikskólinn fyllist ekki. Kaupa fleiri hljóðfæri og útbúa tónlistarherbergi til að þróa tónlista áfram. Skilrúm inn á deild. Svo nefndu margar nýjan leikskóla.

Starfsfólk var spurt hvaða færni það vildi læra s.s. námskeið eða námstækifæri. Sumir nefndu einstaklingsnámskeið sem þeir vilja og/eða stefna á að sækja. Sameiginleg námskeið / námstækifæri sem nefnd voru og starfsfólk langar að fá meiri þekkingu á er: Börn með sérþarfir. Óæskileg hegðun barna. Atferli barna. Þroskafrávik. Hegðun og líðan. Eitthvað tengt náttúrunni. Skyndihjálp. Einhverf börn. Tónlistarnámskeið.

Starfsfólk var spurt hvort það hefði áhuga á breytingum í starfi. Margar bara sáttir með sitt. Aðrar komu með hugmyndir að breytingum sem teknar verða til skoðunar fyrir haustið. Einnig var starfsfólk spurt út í hvaða stöðu það vildi gegna eftir 1-3-5 ár.

Annað sem kom fram í einstaka samtali: Langar að hrósa fjölbreyttari matseðli. Hugmynd að bæta tónleikum við foreldrakaffi. Virkja foreldra meira í einhverjum verkefnum. Halda áfram að þróa vatnið í útieldhúsinu.

**Tækifæri til úrbóta:** Skoða vinnuskipulag á Dropanum (í ferli). Skoða skiptiaðstöðu á Regnboganum (Lokið). Fylgja eftir að leiktæki verði tekin í gegn í sumar. Skoða möguleika með síma (lokið). Skoða kaup á fleiri hljóðfærum. Skoða kaup á skilrúmum. Skoða sameiginleg námskeið sem snúa að punktum hér fyrir ofan.

Hugmyndir sem hafa þarf í huga við nýjan leikskóla:

- Lágan kastala og hentugan sandkassa fyrir 1-3 ára.
- Fleiri rólur fyrir yngstu. Skoða rólur með baki sem yngstu börnin geta sest sjálf í.
- Fleiri starfsmannaklósett.

## 7.3 Mat á námi og velferð barna

### *7.3.1 Nám og þroski barna metin*

Almenn foreldraviðtöl eru haldin tvisvar yfir skólaárið, annars vegar í október og hins vegar í mars/apríl. Foreldrar geta ávallt óskað eftir að hitta starfsfólk utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. Framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávik er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, AEPS, TRAS, MIO og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna. Í foreldraviðtölunum gefst foreldrum einnig tækifæri til að koma að skipulagi skólastarfsins.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Alhliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum.

**Í foreldraviðtölum skólaárið 2023-2024 kom eftirfarandi fram á Regnboganum:**

Foreldraviðtölin gengu mjög vel og allir foreldrar ánægðir með barnið sitt á Regnboganum. Athugasemdir sem komu frá foreldrum:

- *„Höfum ekki orð til að lýsa hvað við erum ánægð með leikskólann, einstaklega góðir starfsmenn".*
- *„Mikil umræða í samfélaginu hvað þetta er góður leikskóli".*
- *„Ánægð með matinn og hversu mikið er lagt upp úr hollustu".*
- *„Ánægð því barninu líður svo vel".*
- *„Horfum á sjálfstraustið vaxa hjá barninu".*
- *„Flott starf á deildinni".*
- *„Ánægð og hissa hvað hann var fljótur að aðlagast nýja leikskólanum þar sem hann er viðkvæmur fyrir breytingum".*
- *„Við erum ánægð og treystum leikskólanum og starfsfólkinu vel og finnst heimilið og leikskólinn flott team í uppeldinu".*
- *„Barnið mitt svo ánægt að mega fara í stundirnar hjá Sigurbjörgu".*
- *„Okkur finnst við fá góðan faglegan stuðning með barnið okkar".*
- *„Finnst við alltaf getað leitað til starfsfólks og það er hlustað á okkur og fundið lausnir saman".*
- *„Erum sátt og finnst þið hafa gert svo vel við stelpuna okkar".*
- *„Erum ánægð í alla staði".*
- *„Erum svo ánægð og þakklát með allt í Skýjaborg".*
- *„Okkur finnst mjög gott starf í Skýjaborg og hefur orðið faglegra með árunum".*
- *„Frábær leikskóli".*

Ábendingar / úrbætur:

- *„Væri gott að vita ef einhver föt og skór eru of lítil".* Við ræddum á deildarfundi að muna eftir að segja foreldrum frá því ef við verðum vör við að föt séu of lítil.
- *„Viljum góðan tíma með barninu í fataklefanum á morgnana og ekki sé að pressa á okkur að koma inn".* Ákveðið að spyrja foreldra hvort þeir vilji aðstoð í fataklefanum og leyfa þeim að ráða hvernig þeir vilja hafa kveðjustundina.
- *„Barnið mitt kvartar oft yfir tveimur drengjum þegar hún kemur heim".* Fylgjumst betur með samskiptum þessara barna og gerum svo frekari úrbætur ef þörf þykir.

- *„Viljum að passað sé upp á að gerðar séu ekki of miklar kröfur á stelpuna okkar miðað við aldur þar sem hún er mjög fullorðisleg".* Allir starfsmenn á deildinni ætla að hafa þetta í huga.

Bára Tómasdóttir deildarstjóri, júní 2024

**Í foreldraviðtölum skólaárið 2023-2024 kom eftirfarandi fram á Dropanum:**

Í viðtalinu var sest niður með foreldrum og farið yfir málþroska, hreyfiþroska, líðan barns og foreldra. Hvernig gengur í skipulögðum stundum, frjálsum leik og útiveru.

**Hvað kom fram:** Foreldrar voru að öllu leiti sammála um hvað það skiptir miklu máli að börnunum þeirra líði vel í leikskólanum. Þeim fannst mikil kærleikur, hlýtt og gott viðmót starfsmanna skína í gegnum allt starfið. Börnin eru glöð eftir leikskóla og mjög mörg þeirra farin að segja nöfn starfsmanna heima sem gefur til kynna að þeim líður vel hjá okkur á Dropanum. Foreldrum fannst fallegt hvernig tekið er á móti börnunum og þau kvödd í lok dags. Útiveran var rædd og sú stefna leikskólans að við förum út alla daga og það er því nauðsynlegt að börn séu með fatnað eftir veðri. Það hefur komið fyrir að ekki hefur verið farið út en þá er það vegna of mikils frosts. Ekki er æskilegt að fara með ungbörn út í, um og yfir -10° frosti. Foreldrar voru ánægðir með hve mikil útiveran er, því hún er góð fyrir líkama og sál. Foreldrar sem ný hafa lokið aðlögun með börnum sínum voru ánægð með hvað aðlögunartíminn var sniðin að þörfum hvers barns.

**Tilvitnun í foreldra:** „Við erum svo heppin að barnið okkar er á Skýjaborg og við látum alla vita hvað við erum ánægð með allt sem er gert hér"

**Ábendingar:** Það voru eingöngu tvær ábendingar til starfsmanna. Fyrri var að það mætti vera teknar fleiri myndir af börnunum. Seinni ábendingin var sú að þegar börn eru að fara á milli deilda að það sé haft í huga hvað þau eru gömul og þær kröfur sem eru gerðar á þau sé miðað við aldur þeirra (lokið).

Deildastjóri Dropans

Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir, júní 2024

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Leikskólinn á fulltrúa í nemendaverndarráði þar sem málefni einstakra barna eru rædd ef um frávik í þroska, félagslegu umhverfi eða líðan er að ræða.

Sérkennari kemur í leikskólann einu sinni í viku og hjálpar til við skimun og sinnir þeim börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. Mestur af þeim stuðningi snýr að málörvun einstakra barna. Sérkennari sinnir einnig ráðgjöf til starfsmanna og foreldra og er skólastjóra innan handar við skipulagningu sérstuðnings. Sérkennari skilar skýrslu til skólastjóra. Sérkennari var í leyfi stóran hluta af skólaárinu. Þetta skólaár var áframhaldandi tilraunaverkefni annað árið með ráðningu leikskólasérkennara sem

hefur reynst mjög vel, náðst að halda vel utan þau börn sem þurftu á aukastuðning og aukamálörvun að halda. Er þessi staða komin til frambúðar.

Talmeinafræðingur kemur í leikskólann 1-2x í mánuði yfir vetrarmánuði (alls 6 skipti á hvorri önn) og sinni greiningu, ráðgjöf, íhlutun og eftirfylgni. Nokkur börn hafa þurft á þjálfun að halda í vetur og hafa starfsmenn sinnt þjálfun undir handleiðslu talmeinafræðings utan þess tíma sem hann kemur í leikskólann.

Skólasálfræðingur kemur eftir þörfum í leikskólann og sinnir greiningum og ráðleggingum til foreldra og/eða starfsfólks eftir því sem við á.

Deildastjórar meta deildarnámskrá sinnar deildar á hverju ári. Starfsfólk les deildarnámskrá sinnar deildar yfir á hverju hausti, svo allir séu meðvitaðir um þær áherslur sem eru á deildinni. Farið ef yfir áherslur og verkefni deildanna í september á kynningarfundum með foreldrum.

**Tækifæri til umbóta:** Taka fleiri myndir á Dropanum.

### *7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra*

Broskarlamat í Skýjaborg – niðurstöður vorönn 2024

Broskarlamatið var lagt fyrir tvo elstu árgangana í leikskólanum í janúar 2024 eða 10 börn í heildina. Markmið með matinu er að kanna líðan barna á miðjum vetri með því að gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á starfi leikskólans á framfæri.

Niðurstöður eru skoðaðar út frá hverjum einstaklingi, en einnig er heildarniðurstaða hópsins tekin saman og eru niðurstöður hér fyrir neðan út frá hópnum. Þrjú börn virtust ekki skilja fyrirmælin, bentu á broskarla í röð og endurtóku svo röðina. Þeirra niðurstöður voru því ekki teknar með í heildarniðurstöðum.

Ef 30% barna velja fýlukall í einhverjum aðstæðum er sá þáttur skoðaður með tilliti til breytinga til að bæta líðan barna.

Langflestum börnunum líður vel í leikskólanum, engum líður illa. Börnunum líður almennt vel í vinastundum, útiveru og frjálsum leik. Börnunum líður misvel með hópastarfið, en lítið hlutfall illa. Skoða þarf nánar söngstundir. Öllum börnunum líður vel í skólaheimsóknum í Heiðarskóla. Matartímarnir koma vel út. Öll eiga vin á deildinni. Öll börnin eru glöð með deildarugltið.

| |  |  |  |
|---|---|---|---|
| Hvernig líður þér í leikskólanum? | 5 / 71% | 2 / 29% | |
| Hvernig líður þér í vinastund? | 6 / 86% | 1 / 14% | |
| Hvernig líður þér í hópastarfi? | 4 / 57% | 2 / 29% | 1 / 14% |
| Hvernig líður þér í útiveru? | 5 / 71% | 1 / 14% | 1 / 14% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hvernig líður þér í frjálsum leik? | 6 / 86% | 1 / 14% | |
| Hvernig líður þér í söngstund? | 4 / 57% | 1 / 14% | 2 / 29% |
| Hvernig líður þér í skólaheimsóknum í Heiðarskóla? | 5 / 100% | | |
| Hvernig finnst þér morgunmaturinn í leikskólanum? | 4 / 57% | 2 / 29% | 1 / 14% |
| Hvernig finnst þér hádegismaturinn í leikskólanum? | 5 / 71% | 2 / 29% | |
| Hvernig finnst þér nónhressingin í leikskólanum? | 4 / 57% | 3 / 43% | |
| Áttu vin á deildinni? | 6 / 86% | 1 / 14% | |
| Hvernig finnst þér deildaruglið? | 6 / 86% | 1 / 14% | |

**Tækifæri til umbóta:** Regnbogastarfsmenn skoði nánar söngstundir og ef til vill hópastarf m.t.t. líðan barna. Unnið var með niðurstöðurnar strax í vetur með starfsfólki deildarinnar og því ekki þörf að taka þær inn í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

### *7.3.3 Matslisti á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna*

Á deildarfundum á skipulagsdegi í apríl fóru starfsmenn hvorrar deildar fyrir sig yfir matslista á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna. Matslistanum er ætlað að koma af stað umræðu meðal starfsfólks deilda um vinnbrögð sem ýta undir tilfinninga- og félagsþroska barna. Matslistinn er gagnlegur til að kortleggja hvaða vinnubrögð eru viðhöfð nú þegar og hvaða vinnubrögð megi bæta. Regnboginn náði ekki alveg að klára listann, en ekki kom fram nein þörf á að bæta vinnubrögð. Niðurstöður starfsfólk bendir þó til að byggingin sé ekki skipulögð þannig að börn með hreyfifötlun eigi auðvelt með að komast leiðar sinnar. Ábendingar komu frá starfsfólki varðandi fjölda barna á deild og að fá skilrúm og meiri efnivið fyrir yngstu börnin.

**Tækifæri til úrbóta:** Í lagi.

## 7.4 Grænfánaverkefni

Í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2023-2024 má finna skýrslu um umhverfismennt í Skýjaborg yfir skólaárið.

## 7.5 Mat á skólaárinu 2023-2024

Einn leiðbeinandi hætti í lok ágúst. Fimm leiðbeinendur hófu störf á skólaárinu, einn í desember, einn í janúar, tveir í mars og einn í apríl. Allir 100% fyrir utan eina 80% stöðu. Einn starfsmaður var í leyfi allt skólaárið og annar frá nóvember. Þrír starfsmenn sögðu upp í lok skólaárs.

Skipulagsdagar voru vel nýttir í skipulagningu starfs, námskeiðahalds og fundi. Við fengum sex skipulagsdaga. Í ágúst fékk starfsfólk erindi frá Vinnuvernd um lífstíl. Kynnt var Jafnréttis- og eineltisáætlun sveitarfélagsins ásamt nýjum verkferlum sveitarfélagsins varðandi lög um farsæld. Farið var yfir barnavernd og tilkynningarskyldu. Að lokum var stuttur starfsmannafundur. Í september var meðal annars starfsmannafundur, erindi frá Vinnuvernd um líkamsbeitingu, umhverfisnefndarfundur og deildarfundir. Í október var starfsmannafundur og deildarfundir og eftir hádegi var farið í heimsóknir í leikskólana Akrasel og Garðasel. Í janúar var starfsmannafundur þar sem meðal annars var farið yfir Viðverustefnu Hvalfjarðarsveitar, deildarfundir og námskeið í Tákn með tali. Í febrúar voru langir deildarfundir sem meðal annars voru í nýttir í undirbúning fyrir foreldraviðtöl, starfsmannafundur þar sem meðal annars var farið var yfir rekstur 2023, endurskoðun á kafla 6 í skólanámskrá og umhverfisnefndarfundur. Í apríl var skipulagsdagurinn nýttur í vinnu við samskiptasáttmála, innra mat og deildarvinnu.

Aðgerðaráætlun Grænfánans var endurskoðuð og fylgt eftir eins og mögulegt var. Deildarugl var haldið vikulega, en það datt niður í einhvern tíma vegna aðlögunar. Söngstund var einu sinni í viku sem öll komu saman og sungu undir stjórn tónlistarkennara, öll mjög ánægð með það fyrirkomulag.

Skólasamstarfið gekk vel og komst barnahópurinn í allar sínar heimsóknir og vettvangsferðir.

Stjórnendur höfðu umbótaáætlun 2023-2024 til hliðsjónar allt skólaárið og framkvæmdu eins og mikið og mögulegt var af þeirri áætlun. Umbótaáætlun er metin og það sem er klárt er tekið út og því sem er ekki lokið er haldið inni í næstu áætlun.

## 7.6 Aðrir matsþættir

### *7.6.1 Foreldrakönnun Skólapúlsins*

Foreldrakönnun Skólapúlsins var framkvæmd í febrúar 2024 á vegum Fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar. Hér á eftir er farið yfir helstu niðurstöður í könnuninni. Fjöldi var 27 og fjöldi svarenda 23 eða svarhlutfall upp á 85,2%. Tekið er sérstaklega fram ef munurinn á Skýjaborg og landsmeðaltali er tölfræðilega marktækur.

1. Daglegt leikskólastarf

**Ánægja með leikskólann:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar ánægðir með líðan barnsins, samskipti starfsfólks við barnið, samskipti starfsfólks við sig, dagleg viðfangsefni barnsins og starfshætti sem notaðir eru við kennslu og stuðning.

**Ánægja foreldra með stjórnun:** Allir foreldrar telja leikskólanum sé mjög eða frekar vel stjórnað.

**Ánægja barnsins í leikskólanum:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að barninu þeirra líki almennt vel í samverustundum, frjálsum leik, hópastarfi og útiveru. 87,5% foreldra eru mjög sammála því að barninu þeirra líði vel í frjálsum leik á móti 67,3% landsmeðaltal og erum við martkækt hærri.

**Sérþarfir í mataræði:** Færri börn eru með sérþarfir í mataræði. Bæði miðað við landsmeðaltal og frá síðustu könnun. **Hollt mataræði:** 91,3% foreldra eru mjög eða frekar sammála að barnið þeirra fái hollan og góðan mat í leikskólanum. Við erum aðeins undir landsmeðaltali (ekki martækur munur), en höfum hækkað frá síðustu könnun.

**Ánægja með húsnæði og aðstöðu:** 78,2% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með húsnæði og aðstöðu. Er það eins og í síðustu könnun. Landsmeðaltal er 87% (ekki marktækur munur).

**Til umbóta:** Í lagi.

2. Námsumhverfi

**Vinnubrögð:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að barnið þeirra fái þann stuðning/hvatningu sem það þarf við námið, stuðning ef upp koma vandamál t.d. vegna hegðunar eða sérþarfa, að barnið þeirra sé hvatt til sjálfstæðis, að á deildinni séu notaðar fjölbreytar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnanna, að flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt og barninu þeirra sé mætt á sanngjarnan hátt. *Svör yfir landsmeðaltali mjög sammála að barnið sé hvatt til sjálfstæðis.

**Aðstaða:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að námsumhverfi barnsins þeirra taki mið af þroska þess, að barnið hafi aðgengi að fjölbreyttum efnivið í leikjum sínum, að námsumhverfi barnsins sé öruggt, að barnið hafi næg tækifæri til að leika sér og námsumhverfi barnsins þeirra hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna. *Svör yfir landsmeðaltali mjög sammála að barnið þeirra hafi næg tækifæri til að leika sér.

**Félagsleg samskipti:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að barnið þeirra læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum, að það fái leiðsögn um ásættanlega hegðun í ólíkum aðstæðum, fái næg tækifæri til að efla félagsfærni sína, að barnið eigi vini í leikskólanum og læri tillitsemi við aðra. Í öllu þessu erum við með hærri svörun foreldra mjög sammála heldur en landsmeðaltal. Marktækur munur miðað við landsmeðaltal í öllu þessu nema næg tækifæri til að efla félagsfærni.

**Þátttaka án aðgreiningar:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að þeir telji leikskólakennara vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum, að börnum af ólíkum uppruna sé mætt á sanngjarnan hátt og réttindi barna séu virt á deildinni.

**Til umbóta:** Í lagi.

3. Samskipti við foreldra

**Upplýsingamiðlun:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að þeir hafi tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið og fjölskylduna til deildarstjóra og leikskólakennara barnsins síns, að þeir séu látnir vita af fundum og sérstökum viðburðum, að deildarstjóri/leikskólakennari hluti á skoðanir þeirra varðandi nám og þroska barsins síns, að þeir fái að heyra þegar barninu þeirra gangi vel og að leikskólakennarar/starfsfólk sé áhugasamt og samstarfsfúst þegar þau ræða við þá um barnið þeirra. Flestir eru mjög eða frekar sammála að þeir séu upplýstir um viðfangsefni sem unnið er að á deildinni.

**Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans:** Allir foreldrar telji sig vel eða töluvert upplýsta um stefnu og námskrá leikskólans. **Tengsl við starfsfólk leikskólans:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að tengsl þeirra við þá sem vinna á deild barnsins þeirra séu góð.

**Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu:** 86,4% foreldrar eru mjög eða frekar sammála að þeir séu hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu. Yfir landsmeðaltali (ekki marktækt). **Tímasetning viðburða:** 86,9% foreldra eru mjög eða frekar sammála að atburðir í leikskólanum, sem foreldrum er ætlað að taka þátt í, séu tímasettir þannig að þeir geti sótt þá. Aðeins undir landsmeðaltali (ekki maktækt).

**Heimasíða leikskólans:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að telja upplýsingar á heimsíðu leikskólans gagnlegar. **Leikskólasmáforrit:** 95,6% foreldra eru mjög eða frekar sammála að þeir telji samskipti og upplýsingamiðlun í gegnum samskiptaforritið karellen gagnleg. Eitt foreldri segist ekki nota það.

**Til umbóta:** Í lagi. Ávallt er tækifæri til að gera betur í að kynna stefnu og námskrá skólans, má velta upp leiðum með deildarstjórum / starfsfólki. Það mætti koma til móts við foreldra og tímasetningu viðburða með því að gera könnun á því hvenær fólk vill helst hafa viðburði (ekki þörf á að setja í umbótaráætlun).

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

**Leikskólabyrjun:** Allir foreldrar eru sammála því að sérstakur leikskólakennara/tengiliður hefði verið til staðar fyrir barnið og foreldra í aðlögunarferlinu, að tímabilið sem barnið dvaldi eitt í leikskólanum lengdist dag frá degi, að barn og foreldrar kynntust leikskólastarfinu saman og foreldrar tóku þátt í því, að þeir fengju nægilegar upplýsingar um leikskólastarfið frá leikskólakennara á aðlögunartímanum, að þeir fengju næg tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið til leikskólakennara í aðlöguninni og þeir væru ánægðir með hvernig aðlögun var háttað á deild barnsins.

**(Flutningur milli skólastiga:** Of fáir þátttakendur til að deila svörum).

**Flutningur milli deilda:** Allir foreldrar eru mjög eða frekar sammála að þeir séu sáttir hvernig staðið var að flutningi barnsins á milli deilda í leikskólanum.

**Til umbóta:** Í lagi.

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta

**Hlutfall sérkennslu og stuðnings:** 45,5% segja barnið sitt hafa fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu. Erum við marktækt hærri heldur en landsmeðaltal, sem er um 15,6%. **Hlutfall sérfræðiþjónustu:** 22,7% (5 foreldrar) foreldra segjast hafa óskað eftir sérfræðiþjónustu (t.d. Sálfræði, talmeinafræði eða iðjuþjálfun) fyrir barnið á þessu skólaári og fengið slíka þjónustu. Eitt foreldri segir já, en ekki fengið þjónustu og 2 foreldrar á biðlista. Erum við marktækt hærri heldur en landsmeðaltal, sem er 9,9% sem hafa óskað eftir þjónustu og fengið.

**Til umbóta:** Í lagi. Til útskýringar: Mjög hátt hlutfall foreldra sem telur börn sín hafa fengið sérkennslu eða stuðning. Við veltum upp hvort þessar niðurstöður endurspegli þá snemmtæku íhlutun sem unnið er að og hvað við erum fljót að bregðast við ef við sjáum að þess er þörf.

6. Opin svör

Foreldrar voru spurðir nokkurra opna spurninga. Þeir voru beðnir að lýsa hvað þeim þætti gott við leikskólann og hvað betur megi fara í leikskólanum. Þeir voru beðnir að hugsa um stjórnun leikskólans, daglegt starf, námsumhverfi, hvernig leikskólinn sinnir sérþörfum, samskipti við leikskólann, og nefna hvort eitthvað er sérstaklega gott eða má betur fara. Einnig ef foreldrar vildu koma einhverju á framfæri varðandi sérfræðiþjónustu, sérkennslu eða sérstakan stuðning. Athugasemdirnar eru ekki opinberar enda einn aðili á bakvið hverja þeirra. Yfir heildina voru athugasemdirnar mjög jákvæðar.

Dæmi um það foreldrum finnst gott: Líðan barns. Hollur matur. Gott, yndislegt, vingjarnlegt starfsfólk. Hlýtt og gott andrúmsloft. Dagskráin. Útiveran. Samskiptin. Dæmi um það sem foreldrum þykir að betur megi fara: Mætti vera íþróttasalur. Húsnæðið. Próteinríkara fæði. Vita meira hvað krakkarnir gera frá degi til dags.

Dæmi um stjórnun leikskólans, sérstaklega gott eða sem betur má fara: Flott. Persónuleg. Samskipti og fagleg vinna sérstaklega góð. Tilkynningar mættu koma fyrr.

Dæmi um daglegt starf, sérstaklega gott eða sem betur má fara: Allt gott. Frábært starf og starfsfólk. Góður fjölbreytileiki. Starfsfólk gefur mikið af sér. Tónlistarkennslan mjög góð og skemmtileg. Söngurinn og bækurnar.

### *7.6.2 Starfsmannakönnun Skólapúlsins*

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var framkvæmd í mars 2024 á vegum Fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar. Hér á eftir er farið yfir helstu niðurstöður í könnuninni. Fjöldi þátttakenda var 13 og svarhlutfall 100%. Tekið er sérstaklega fram ef munurinn á Skýjaborg og landsmeðaltali er tölfræðilega marktækur.

1. Starfið

**Vinnuálag:** Starfsfólk telur vinnuálag vera. Starfsfólk telur verkefni hlaðast upp, að það þurfi stundum, fremur oft eða mjög oft/alltaf þurfa að vinna á miklum hraða og hafa of mikið að gera. Marktækur munur er á Skýjaborg miðað við landsmeðaltal. Vinnuálag hefur lækkað í landinu en hækkað í Skýjaborg.

**Til umbóta:** Talið að komið hafi verið í veg fyrir þetta með aukinni stuðningsþörf sem kom inn í lok mars/byrjun apríl. Töluverðar breytingar hafa orðið hér í Skýjaborg síðan könnunin var lögð fyrir. Við höfum fengið meiri stuðning inn í húsið og þar af leiðandi fleira starfsfólk komið í hús. Áframhaldandi: Passa upp stuðning fyrir börn og rétta mönnun.

**Skýrleiki hlutverks:** Við höfum bætt okkur töluvert í skýrleika hlutverks – starfsfólk veit betur hvað fellur undir þeirra ábyrgð og hvað er ætlast til þeim í starfi. Erum við núna yfir landsmeðaltali.

**Ágreiningur um hlutverk:** Er aðeins yfir landsmeðaltali (ekki mikill munur), að meiri ágreiningur um hlutverk greinist hér, heldur en annars staðar. Um 69,2% starfsfólks telur það stundum eða oft þurfa að gera eitthvað sem því finnst það ætti að gera öðruvísi. 46,2% starfsfólks telur að því séu stundum eða fremur oft falin verkefni án þess að fá viðeigandi úrræði til að leysa þau á móti 53,9% sem telur það vera aldrei, mjög eða fremur sjaldan. Langflestir telja sig aldrei, mjög eða fremur sjaldan fá misvísandi verkbeiðnir frá tveimur eða fleiri aðilum. Þessi liður hefur hækkað í Skýjaborg en lækkað á landinu.

**Jákvæðar áskoranir í starfi:** Flest starfsfólk telur kunnáttu sína og færni nýtast í starfi fremur oft eða mjög oft/alltaf. 77% starfsfólks telur starfið krefjandi í jákvæðri merkingu fremur oft eða mjög oft/alltaf (rest stundum). Langflestir telja starfið sitt mikilvægt fremur oft eða mjög oft/alltaf. Þessi liður kemur betur út nú en í síðustu könnun, erum núna á pari við landsmeðaltal og má því segja að starfsfólk sé að fá fleiri jákvæðar áskoranir í starfi nú.

2. Starfsfólk

**Leikni í starfi:** Allt starfsfólk er stundum, oft eða alltaf ánægt með gæði vinnunnar sem það vinnur, afköstin sem það skilar og færni til að leysa vandamál í starfi. Leikni í starfi orðin meiri frá fyrri könnun. Er enn aðeins undir landsmeðaltali (0,2), en mikil bæting frá fyrri könnun.

**Skuldbinding til vinnustaðarins:** Flestir eru sammála að þeir segi vinum sínum að vinnustaðurinn sé góður. 69,3% starfsfólks er sammála að gildi þeirra samræmist gildum vinnustaðarins og 77% starfsfólks sammála að vinnustaðurinn veiti þeim hvatningu til að standa sig sem allra best í starfi. Skuldbinding til vinnustaðar er búin að bætast töluvert, er enn aðeins undir landsmeðaltali (0,4).

**Skörun vinnu og einkalífs:** Flest starfsfólk telja kröfur í vinnunni trufli mjög sjaldan/aldrei eða fremur sjaldan heimilislífið og fjölskyldulífið. Skörun vinnu og einkalífs hefur einnig batnað mjög frá síðustu könnun. Erum núna komin undir landsmeðaltal (0,4 – ekki marktækur munur), þ.e.a.s. að starfsfólk telur kröfur í vinnunni aldrei, mjög sjaldan eða fremur sjaldan trufla fjölskyldulífið.

**Ræktun mannauðs:** 75% starfsfólks telur sig stundum/ fremur oft / mjög oft eða alltaf fá umbun (t.d. peninga eða hrós) fyrir vel unnin störf á vinnustaðnum. Flestir telja að hugsað sé vel um starfsfólkið á vinnustaðnum. 83,4% starfsfólks telur að stjórnendur á vinnustaðnum sé umhugað um heilsufar og velferð starfsfólks stundum / fremur oft / mjög oft eða alltaf. Við höfum bætt okkur töluvert í ræktun mannauðs; umbun (peningar eða hrós) í starfi, hvort hugsað sé vel um starfsfólkið á vinnustaðnum og hvort stjórnendum sé umhugað um heilsufar og velferð starfsfólk. Erum enn samt töluvert undir landsmeðaltali (0,9 – ekki marktækt).

**Til umbóta:** Endurskoða og halda áfram með punktinn frá því fyrir tveimur árum: Að starfsfólk fái endurgjöf og hvatningu í starfi.

**Starfsmannaviðtöl undanfarið ár:** Það hafa allir starfsmenn farið í starfsmannaviðtal (starfsþróunarsamtal) á síðustu 12 mánuðum. Við erum marktækt hærri en landsmeðatal (100% á móti 72,2%).

**Gagnsemi starfsmannaviðals:** Flestu starfsfólki finnst gagnsemi starfsmannaviðtala mjög eða frekar gagnlegt. Er það á pari við landsmeðaltal.

3. Vinnustaðurinn

**Starfsandi:** Flestu starfsfólk finnst starfsandinn í vinnuumhverfinu vera fremur eða mjög mikið hvetjandi og styðjandi og að mjög litlu leyti eða alls ekki einkennast af tortyggni og vantrausti. Flestum finnst starfsandinn nokkuð eða fremur mikið afslappaður og þægilegur. Starfsandi hefur aukist og er nú rétt undir landsmeðaltali.

**Ánægja með vinnuaðstöðu:** Flest starfsfólk er mjög eða frekar óánægt með húsnæði og aðstöðu á vinnustaðnum. Við erum langt undir landsmeðaltali / marktækt lægri.

**Til umbóta:** Mikið búið að leggja áherslu á að skoða vinnuaðstöðu og nýjan leikskóla síðustu árin. Miðað við samtöl við starfsmenn og niðurstöður starsmannasamtala þá er ekkert sem þörf er á að bæta í núverandi húsi. Fólk vill nýjan leikskóla.

**Stytting vinnuvikunnar:** Allt starfsfólk fær styttingu vinnuvikunnar. **Ánægja með styttingu vinnuviku:** Langflest starfsfólk hefur góða reynslu af styttingu vinnuvikunnar.

**Stuðningur frá samstarfsfólki:** Ef á þarf að halda telur allt starfsfólk sig stundum / fremur oft / mjög oft eða alltaf geta fengið stuðning og aðstoð við verkefni frá samstarfsfólki. Erum yfir landsmeðaltali.

**Stuðningur við nýsköpun:** 83,4% starfsfólks telur að starfsfólk sýni fremur oft / mjög oft eða alltaf frumkvæði á þínum vinnustað. 75% starfsfólks telur að starfsfólk sé fremur oft / mjög oft eða alltaf

hvatt til að koma með tillögur til úrbóta á vinnustaðnum. 91,7% telur samskipti í góðu lagi á þinni deild / á þínu vinnusvæði. Erum yfir landsmeðaltali.

**Mismunun:** Langflest starfsfólk hefur sjaldan eða aldrei tekið eftir mismunun í framkomu gagnvart körlum og konum á vinnustaðnum. 75% starfsfólks telur sig hafa sjaldan eða aldrei tekið eftir mismunun í framkomu gagnvart eldra og yngra starfsfólki á vinnustaðnum. 1 stundum og 2 fremur oft. Erum nokkuð á pari við landsmeðaltal, niðurstöður betri en í fyrri könnun.

**Einelti (þú) – Einelti (annar en þú) – Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti) – Kynferðisleg áreitni:** Ekkert einelti eða áreitni greinist í starfsmannahópnum.

4. Stjórnun

**Stuðningur frá næsta yfirmanni (deildarstjóra):** Allir starfsmenn telja sig fremur oft, mjög oft eða alltaf ef á þarf að halda geta fengið stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni. Eins telja allir að næsti yfirmaður sé fús fremur oft, mjög oft eða alltaf að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni og metur vinnuframlag þeirra að verðleikum. Töluverð bæting frá fyrri könnun (1,3) og erum nú yfir landsmeðtali (ekki marktækt).

**Sanngjörn forysta næsta yfirmanns:** 66,6% telja næsta yfirmann úthluta verkefnum á hlutlausan og réttlátan hátt (rest stundum). Allir telja næsta yfirmann koma fram við starfsfólk af réttlæti og jafnræði fremur oft eða mjög oft/alltaf. Langflestir telja samband við næsta yfirmann sjaldan / aldrei valda þeim streitu. Smá bæting frá fyrri könnun, er enn aðeins undir landsmeðaltali.

**Valdeflandi forysta næsta yfirmanns:** Langflestir telja næsta yfirmann hvetja sig til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum stundum, fremur oft eða mjög oft/alltaf. 77,7% telja næsta yfirmann hvetja sig til að láta vita ef þú ert á annarri skoðun (stundum/oft/alltaf). Allir telja næsta yfirmann hjálpa sér að auka færni sína í starfi (stundum/oft/alltaf). Smá bæting frá fyrri könnun, enn aðeins undir landsmeðaltali.

**Stuðningur frá öðrum yfirmanni:** Langflestir starfsmenn telja sig stundum, fremur oft eða mjög oft/alltaf ef á þarf að halda geta fengið stuðning og aðstoð frá öðrum yfirmanni. Allir telja að annar yfirmaður sé fús stundum, fremur oft eða mjög oft/alltaf að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni. Flestir telja að annar yfirmaður metur vinnuframlag þeirra að verðleikum fremur oft eða mjög oft/alltaf. *Ekki spurt í síðustu könnun. Undir landsmeðatali (ekki marktækt).*

**Sanngjörn forysta annars yfirmanns:** Langfelstir telja annan yfirmann úthluta verkefnum á hlutlausan og réttlátan hátt stundum, fremur oft / mjög oft eða alltaf. Flestir telja að annar yfirmaður komi fram við starfsfólk af réttlæti og jafnræði. Langflestir telja að samband þeirra við annan yfirmann valdi mjög sjaldan/aldrei eða fremur sjaldan streitu. *Ekki spurt í síðustu könnun. Undir landsmeðaltali (ekki marktækt).*

**Valdeflandi forysta annars yfirmanns:** Helmingur starfsmanna telja annan yfirmann hvetja sig til að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum, 25% stundum og 25% fremur sjaldan. 42% telja annan yfirmann hvetja sig til að láta vita ef þú ert á annarri skoðun, 33,3% stundum og 25% fremur sjaldan / mjög sjaldan/aldrei. 58,4% starfsmanna telja annan yfirmann hjálpa þeim að auka færni sína í starfi fremur oft / mjög oft/alltaf og 33,3% stundum. *Ekki spurt í síðustu könnun. Aðeins undir landsmeðaltali (ekki marktækt).*

5. Uppeldi og menntun

**Trú á eigin getu við umönnun barna:** 70% telja mjög eða nokkuð auðvelt að ýta undir félagsfærni og vináttu barna. 20% hvorki auðvelt né erfitt. 81,9% telja mjög eða nokkuð auðvelt að ýta undir virka þátttöku og áhrif barna í daglegu starfi. 72,8% telja mjög eða nokkuð auðvelt að hvetja börn til að taka frumkvæði. 81,9% telja mjög eða nokkuð auðvelt að skilja upplifanir og tilfinningar barna. 18,2% (2 starfsmenn) telja það hins vegar nokkuð erfitt og er það marktækt hærra en landsmeðaltal. 63,7% starfsmanna telja mjög eða  nokkuð auðvelt að leysa vandamál í barnahópnum með árangursríkum hætti, rest á hvorki auðvelt né erfitt. 54,6% telja mjög eða nokkuð auðvelt að styðja börn við að leysa deilur. 36,4% telja það hvorki auðvelt né erfitt.

**Til umbóta:** Skoða og ræða upplifanir og tilfinningar barna í starfsmannahópnum til að auka skilning.

**Trú á eigin getu við daglegt skipulag:** Langflestu starfsfólki finnst mjög eða nokkuð auðvelt að sinna hópastarfi, frjálsum leik, samverustundum og skapandi starfi. 80% starfsfólks finnst mjög eða nokkuð auðvelt að sinna hvíld og einnig útivist. 20% (2 starfsmenn) finnst það hvorki auðvelt né erfitt að sinna hvíld og útivist og er það marktækt hærra en landsmeðaltal. 72,7% starfsmanna finnst mjög eða nokkuð auðvelt að sinna samskiptum við foreldra, einn telur það hvorki auðvelt né erfitt, einn nokkuð erfitt og einn mjög erfitt og eru þessar niðurstöður marktækt frá landsmeðaltali. 66,6% starfsfólks á mjög eða nokkuð auðvelt með að sinna stuðningi við börn með sérþarfir, 33,3% telja það nokkuð eða mjög erfitt.

**Til umbóta:** Skoða hvíld, getum við gert hana þannig að hún sé starfsfólki auðveldari (lokið). Skoða útivist: Er eitthvað í útivist sem við getum auðveldað starfsfólki (lokið). Samskipti við foreldra: Við höfum verið að hvetja starfsfólk í frekari samskipti og er þetta í einstaklingsferli hjá hverjum og einum.

**Samstarf í leikskólanum:** Allir eru mjög eða frekar sammála að samstarfið á deildinni sinni sé gott, að í leikskólanum vinni deildarstjórar saman og að í leikskólanum sé samstarf alls starfsfólks gott. Langflestir eru sammála því að samstarfið á milli deilda sé gott.

**Virkar samræður um starfið:** Misjafnt er hversu oft fólk telur sig taka þátt virkum samræðum um starfið og er það líka í niðurstöðum á landinu. Eru niðurstöður okkar í flestum tilfellum að starfsfólk í Skýjaborg telur sig taka þátt í umræðum oftar miðað við landsmeðaltal (ekki marktækt).

**Virkni foreldra í leikskólastarfinu:** Flest starfsfólk er mjög eða frekar sammála að lögð sé áhersla á að foreldrar hafi áhrif á daglegt starf, að taka foreldrar taki virkan þátt við upphaf leikskólagöngu, að foreldrar fylgist með framförum barna sinna, að foreldrar taki þátt í fundum leikskólans. Flest starfsfólk er frekar eða mjög ósammála því að foreldrar taki þátt í umræðu um skólanámskrá (aðeins hærra en landsmeðaltal, ekki marktækt).

**Til umbóta:** Til upplýsinga fyrir starfsfólk: Allar breytingar sem gerðar eru á skólanámskrá fara til umræðu og umsagnar í skólaráði og foreldrafélagi.

**Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans:** 40% (2) starfsmenn eru mjög eða frekar sammála að starfsfólk hafi aðgang að ráðgjöf sérfræðinga utan leikskólans. 60% (3) eru frekar ósammála.

**Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir:** 50% starfsfólks er mjög eða frekar ánægt með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir. 50% er frekar eða mjög óánægt. Eru niðurstöður marktækt verri en landsmeðaltal.

**Til umbóta:** Starfsmannakönnun lögð fyrir í mars, í lok mars kom inn mikill stuðningur sem mikil þörf var á. Tel að með þeim stuðning hafi ánægja starfsfólks orðið meiri og að við séum að gera vel í dag.

**Upplýsingar og stuðningur barna með sérþarfir:** 80% starfsfólks er mjög eða frekar sammála að það fá nægar upplýsingar og úrræði vegna barna með sérþarfir.

6. Símenntun og undirbúningstími

**Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma:** Allir starfsmenn fá undirbúningstíma.

**Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma:** 80% starfsfólks eru frekar sammála að það fái nægan tíma til að undirbúa starfið. 20% mjög ósammála. Erum við með tölfræðilega marktækt betri niðurstöður en landsmeðaltal.

**Þátttaka í þróunarstarfi:** 30% starfsfólks telja sig hafa tekið þátt í þróunarstarfi á síðustu 12 mánuðum en 70% ekki. Svipað og landsmeðaltal.

**Símenntunarþörf starfsfólks:** Starfsfólk var spurt út í símenntunarþörf sína varðandi ýmislegt. Eru niðurstöður svipaðar og landsmeðaltal. Flestir sjá mikla eða nokkra þörf á símenntun í tengslum við að fylgjast með þróun í menntunarfræði ungra barna, börn með sérþarfir eða sérstakan stuðning og hegðun barna og samskipti. Margt starfsfólk telur mikla eða nokkra þörf á símenntun í tengslum við skráningu og mat á þroska og námi, skipulagning á daglegu starfi, leikskólastarf í fjölmenningarumhverfi. Færri sjá þörf í símenntun í tengslum við samstarf við foreldra, inntak aðalnámskrár eða á öðrum sviðum.

**Til umbóta:** Við símenntunaráætlun og undirbúning fyrir skipulagsdaga: Horfa til ofantaldra þátta.

**Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár:** 80% starfsfólks hefði ekki viljað taka þátt í meiri símenntun á síðustu 12 mánuðum og erum við marktækt fleiri en landsmeðaltal.

7. Opin svör

Starfsfólk var spurt nokkurra opinna spurninga.

**Líðan, starfsandi og daglegt starf, samskipti við barnahópinn og starfshættir í leikskólanum, hvað gæti helst bætt þetta:** Auka samstarf við foreldra. Auka samstarf við aðrar sálfræði- og uppeldisstofnanir. Fullmannaður leikskóli alla daga. Sérstakir stuðningsaðilar fyrir börn sem þurfa. Muna að tala saman um allt sem kemur upp, gott og slæmt og vera samstíga í ákvarðanatöku.

**Samskipti innan leikskólans og samskipti við forelra, hvað gæti helst bætt þetta:** Auka samvinnu deilda. Leggja meiri áherslu á samstarf við foreldra. Krefjast meira af foreldrum / virkja betur. Hafa skriflegt ef skilaboð þurfa að berast til foreldra frá fyrripart til seinniparts (og öfugt).

**Starfsþróun og símenntun, hvað gæti helst bætt þetta:** Mörg verkefni í gangi, vil ekki vera meira út af deildinni. Sækja fleiri námskeið. Tákn með tali námskeið.

**Hvað er gott við vinnustaðinn:** Allir vinalegir, góðir, hjálpsamir. Gott samband við samstarfsfólk. Vinnutími. Tími til að undirbúa vinnu. Góður mórall. Borin virðing fyrir börnum. Góður starfsandi. Mikil samvinna. Gott hvað þetta er lítil eining og því auðveldara aðgengi að öðru starfsfólki ef manni vantar aðstoð. Samstaða. Gleði. Góð vinnusemi. Hugsað í lausnum. Starfsandinn. Fagmennskan. Notarlegur. Kærleikur. Samvinna. Húmor. Hjálpsemi. Maturinn. Bestu börn í heimi. Gott samstarf við foreldra. Yfirmenn til staðar og ávallt tilbúnir að leiðbeina og aðstoða. Samheldinn, jákvæður og glaður starfsmannahópur, sem er tilbúinn til að gera nánast allt fyrir yndisleg börn og foreldra þeirra.

**Hvað má betur fara á vinnustaðnum:** Að leikskólastjóri fái auknar heimildir til að fjárfesta í þeim hlutum, td húsgögnum/mubblum, sem starfsmenn telja nauðsynlegt, þegar þess þarf en ekki að bíða með og sjá til á næsta fjárhagsári. Bæta hljóðvist og fækka börnum í rými. Bregðast hratt við mönnunarvanda, ekki bæta á þá sem fyrir eru, nóg er álagið samt. Auka stuðning fyrir börn sem þurfa á því að halda til lengri eða skemmri tíma, umbúðalaust, við erum sérfræðingar og getum alveg greint á milli, það á að hlusta á okkur sem stöndum börnunum næst. Umbuna þeim sem mæta vel í vinnuna. Húsnæðið lélegt, of mörg ung börn (undir 18 mánaða) erum ekki með aðstöðu og fyrir þau, veikindi starfsfólks, skipulag á vinnustyttingu, barnahópurinn hefur þyngst mikið síðustu ár og ekki mönnun fylgt því, vantar virkt samráð við stjórnsýsluna á hverju skólaári, lok dagsins hafa verið þung og undirmönnuð, lélegt viðhald á leikskólanum sérstaklega útisvæðið þó alltaf sé verið að láta vita, löng vistun hjá mörgum börnum. Jákvæðni og samvera. Leiksvæðið dropameginn ekki gott. Kastalinn stórhættulegur fyrir yngstu börnin. Vantar hjól fyrir dropann. Vantar sérkennsluaðstöðu. Ekki vinnuvistfræðilegt húsgögn á deildum (stólarnir eru hvorki þægilegir fyrir börn né starfsmenn). Fátt starfsfólk (Það er oft vandamál þegar starfsmenn eru veikir, starfsmenn eru færri eftir hádegi). Mikið af krefjandi börnum með sérþarfir og ekkert fólk til að hjálpa. Meiri samskipti við foreldra. Vantar betri starfsaðstæður. Það sem er galli við staðin er að aðlögun barna er oft yfir veturinn. Vegna þessa verður mikil streita inn á deildinni og það tekur tíma fyrir alla að aðlagast breytingunni. kastalinn á Dropalóðinni er allt of hár ef að það á að taka inn börn við 12 mánaða aldur. Það eru einungis tvær rólur fyrir ungabörn þær þurfa að vera fleiri. Allir hurðahúnar og slökkvarar væru ekki í hæð við börnin. Innstungur eiga ekki heima niður við gólf á leikskóla. Dropinn ætti að teljast fullur við 13 börn en ekki 16 börn.

## 7.7 Samantekt

Í lok hvers kafla hafa tækifæri til umbóta verið tekin sérstaklega saman til að auðvelda gerð umbótaáætlunar. Hér á eftir er heildarmat styrkleika sett fram ásamt tækifærum til umbóta.

### *7.7.1 Styrkleikar*

- Starfsfólk metur í innra mati:
    - Góð þátttaka starfsfólks í sjálfsmati leikskólans.
    - Gott eftirlit og mat stjórnenda.
    - Gott eftirlit og mat á stjórnunarháttum.
    - Markmið leikskólans eru leiðbeinandi og stefnumarkandi.
    - Markmið notuð til stuðnings áætlana um umbætur.
    - Uppeldis- og menntastefna er þróuð með virki þátttöku starfsfólks.
    - Þróunaráætlun er metin reglulega og endurnýjuð eftir þörfum.
    - Leikskólastjóri hefur til að bera faglega hæfni, er skapandi og hvetjandi og mótar jákvætt starfsumhverfi.
    - Verkaskipting er vel skilgreind, að starfsfólkið sé hvert öðru góð fyrirmynd og gott vinnusiðfræði sé til staðar.
    - Skólanámskrá býður upp á örvun alhliða þroska í gegnum daglegar athafnir.
    - Leikskólinn veitir hverju barni nægt framboð af leik- og námsefni.
    - Skólanámskrá og starfsáætlanir séu í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla.
    - Áætlanir tryggja samhæfingu og mikilvægi náms.

    - Einstaklingsáætlanir eru vel uppbyggðar og metnar reglulega.
    - Starfsfólk fær skýrar leiðbeiningar varðandi áætlanir um nám barna.
    - Dagskipulag er vel mótað og metið reglulega.
    - Matsupplýsingar nýttar til að bera kennsla á þarfir barna.
    - Foreldrar eru vel upplýstir um námskrá og dagskipulag.
    - Flest börn taka miklum framförum í þroska og námi, reglubundið þroskamat.
- Starfsfólk er sátt við starfið sitt og er að nýta sína styrkleika í vinnunni.
- Samskipti og samvinna við foreldra gengur vel.
- Langflest starfsfólk njóta sín til fulls í núverandi stöðu.
- Mikil umræða í samfélaginu hvað þetta er góður leikskóli.
- Foreldrar ánægðir með líðan barna, matinn, faglegan stuðning og gott starf.
- Foreldrar ánægðir með mikla útiveru, góð fyrir líkama og sál.
- Foreldrar ánægðir með aðlögun og aðlögunartíma sem sniðin er að þörfum hvers barns.
- Börnunum líður almennt vel í vinastundum, útiveru og frjálsum leik.
- Öllum börnunum líður vel í skólaheimsóknum í Heiðarskóla.
- Öll börn segjast eiga vin á deildinni.
- Öll börnin eru glöð með deildaruglið.
- Foreldrar meta í foreldrakönnun Skólapúlsins:
    - Ánægja með leikskólann.
    - Leikskólanum vel stjórnað.
    - Að barninu sínu líði vel í leikskólanum.
    - Ánægðir með vinnubrögð starfsfólks.
    - Ánægðir með aðstöðu og fjölda tækifæra sem börnin hafa til að leika sér.
    - Ánægðir með félagsleg samskipti barna sinna.
    - Góð upplýsingamiðlun á milli heimilis og skóla.
    - Foreldrar telja sig vel upplýsta um stefnu og námskrá leikskólans.
    - Ánægðir með aðlögun barns í leikskóla og á milli deilda.
- Starfsfólk metur í starfsmannakönnun Skólapúlsins:
    - Að starfsfólk telur kunnáttu sína og færni nýtast í starfi, fá jákvæðar áskoranir og finnst starfið sitt mikilvægt.
    - Að hugsað sé vel um starfsfólkið á vinnustaðnum.
    - Allt starfsfólk fær starfsmannasamtöl og finnst þau gagnleg.
    - Allt starfsfólk fær styttingu vinnuvikunnar.
    - Að það fái stuðning og aðstoð frá samstarfsfólki.
    - Að starfsfólk sýni frumkvæði, sé hvatt til að koma með tillögur til úrbóta á vinnustaðnum og telja samskipti í góðu lagi á deildum.
    - Ekkert einelti eða áreitni greinist í starfsmannahópnum.
    - Að það geti fengið stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni og hann sé fús að hlusta á vandamál og metur vinnuframlag að verleikum.
    - Að samstarf á deildinni sé gott, deildarstjórar vinni vel saman, samstarf starfsfólks í leikskólanum sé gott og samstarf á milli deilda.
    - Allir starfsmenn fá undirbúningstíma. Flestir sammála að það fái nægan tíma til að undirbúa starfið.

### 7.7.2 *Tækifæri til umbóta*

- Skoða þróunaráætlun fyrir umbætur og virkni hennar þannig að starfsfólk sé vel upplýst um gang mála.
- Leikskólastjóri fari oftar inn á deild til að vera í betri tengslum við börn.
- Passa upp á að skipulagðar stundir detti ekki niður á Dropanum (í ferli).
- Skrifa á samskiptatöfluna hvernig verður í lok dags þegar vantar starfsfólk (í ferli).
- Skoða vinnuskipulag á Dropanum (í ferli).
- Fylgja eftir að leiktæki verði tekin í gegn í sumar.
- Skoða kaup á fleiri hljóðfærum.
- Skoða kaup á skilrúmum.
- Við símenntunaráætlun og undirbúning fyrir skipulagsdaga: Horfa til eftirtalinna þátta: Börn með sérþarfir. Óæskileg hegðun barna. Atferli barna. Þroskafrávik. Hegðun og líðan. Eitthvað tengt náttúrunni. Skyndihjálp. Einhverf börn. Tónlistarnámskeið (komið í símenntunaráætlun 2024-2025 sem má finna hér aftar).
- Taka fleiri myndir á Dropanum.
- Endurskoða og halda áfram með punktinn frá því fyrir tveimur árum: Að starfsfólki fái endurgjöf og hvatningu í starfi.
- Skoða og ræða upplifanir og tilfinningar barna í starfsmannahópnum til að auka skilning.
- Við símenntunaráætlun og undirbúning fyrir skipulagsdaga: Horfa til eftirtalinna þátta: Þróun í menntunarfræði ungra barna, börn með sérþarfir eða sérstakan stuðning og hegðun barna og samskipti. Einnig má horfa til: Skráningu og mat á þroska og námi, skipulagning á daglegu starfi, leikskólastarf í fjölmenningarumhverfi (komið í símenntunaráætlun 2024-2025 sem má finna hér aftar).

# 8. Umbótaáætlun síðasta skólaárs

Liður í innra mati er að framfylgja umbótaáætlun. Hér fyrir neðan má sjá umbótaáætlun Skýjaborgar 2022-2023 ásamt mati (dálkurinn lengst til hægri). Hér fyrir neðan er einnig farið yfir aðgerðaráætlun vegna menntastefnu. Grænu liðirnir náðist að klára, appelsínugulir eru í vinnslu og hvítu liðirnir náði ekki að vinna (eða vinna ekki hafin vegna tímasetninga). Hvítu og appelsínugulu liðirnir fara áfram í Umbótaáætlun 2024-2025.

**Umbótaáætlun 2023-2024**

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Tillögur skóla að umbótum | Ábyrgðaraðili | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Hvernig metið | Mat |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
